

Núverandi kerfi – Nýtt kerfi

Peningasköpun

Okkur er kennt að aðeins ríkið eða Seðlabanki Íslands geti búið til peninga.




Undir Betra peningakerfi myndi Seðlabanki Íslands skapa allt peningamagnið í hagkerfinu.



Hins vegar hefur 95% peningamagnsins verið búið til af einkabönkum.

Seðla og mynt...



... og rafrænu peningana á bankareikningum.

Þetta eru rafrænu peningarnir sem þú átt á bankareikningum þínum. Seðlar og mynt í veskjum landsmanna eru innan við 5% af peningamagninu (M2).

Skuldir

Bankar lána rafrænu peningana í umferð. Þess vegna er alltaf einhver sem skuldar bönkunum krónu fyrir hverja krónu sem þú átt inni á bankareikningi.



Í nýja kerfinu er unnt að skapa peninga án þess að nokkur skuldsetji sig.



Peningakerfið okkar er því skuldadrifið.

Kerfið getur búið til skuldalausna peninga.

Ef við greiðum niður skuldir okkar, hverfa peningarnir úr hagkerfinu.

Þessa peninga má nota til þess að greiða niður núverandi skuldir án þess að minnka peningamagnið í hagkerfinu.

Völd og stýring

Rúmlega tuttugu einstaklingar þriggja stærstu viðskiptabankanna stýra að mestu leyti hversu mikið af nýjum peningum er búið til, í gegnum stefnumótun bankanna.

Peningasköpun yrði stýrt af opinberri nefnd, sem starfar í þágu almannahagsmuna, með gegnsæjum hætti.


Landsbankinn



Íslandsbanki



Arion Banki



Hlutverk þessara aðila er að hámarka hagnað umbjóðenda sinna og má því búast við að peningamagnið stýrist af því.

Ákvarðanir nefndarinnar yrðu teknar með stöðuleika raunhagherfisins að leiðarljósi.

Hver hagnast?

Þegar Seðlabanki Íslands gefur út nýja seðla og mynt, heldur ríkissjóður eftir myntsláttuhagnaðinum.


En bankar afla sér tekna með því að búa til rafræna peninga og innheimta vexti af tilheyrandi lánum. Þetta eykur hagnað bankanna verulega, en gera má ráð fyrir að hreinar vaxtatekjur bankanna af peningaútgáfu nemi 30-40 ma.kr. árlega. Heimilin og fyrirtæki landsins standa undir þessum tekjum, sem jafngilda 170 – 227 þ.kr. á hvern vinnandi einstakling í landinu.

Ef Seðlabanki Íslands færi með valdið til þess að búa til rafræna peninga auk þess að gefa út seðla og mynt, myndu tekjurnar af þeirri peningasköpun einnig leita til skattgreiðenda.

Ef allir peningar væru gefnir út skuldlausir má gera ráð fyrir að 20-30 ma.kr. vaxtakostnaður heimila, fyrirtækja og opinberra aðila myndi sparast árlega, eða 114 til 170 þ.kr. á hvern vinnandi einstakling.

Húsnæðisverð

Á árunum fyrir fall íslensku bankanna var miklu fé dælt inn á fasteignamarkaðinn í gegnum húsnæðislán. Þetta orsakaði að húsnæðisverð hækkaði mun hraðar en laun.




Nýja peningakerfið myndi hindra bankana í að blása upp nýja fasteignabólu með peningasköpun.

Þetta myndi hægja á keðjuverkun lánveitinga og verðhækkana og hafa mildandi áhrif á þenslu fasteignamarkaðar.

Árið 1997 fór 10,2% tekna landsmanna í leigu húsnæðis eða greiðslu húsnæðislána, samkvæmt Hagtölum Hagstofu Íslands. Nú er sama hlutfall komið í 19,2% !

Ójöfnuður

Þegar húsnæðisverð hækkar auðgast þeir sem eru með nægar tekjur og/eða eignir til þess að eignast húsnæði. Þeir sem ekki geta fjármagnað fasteignalán eru verðlagðir út af markaðinum. Þeir ríku verða ríkari, á meðan margir aðrir sitja eftir.



Með því að fjarlægja þennan drifkraft hratt hækkandi fasteignaverðs, myndi bilið á milli ríkra og fátækra ekki aukast jafn hratt og það gerir nú.

Öryggisnetið

Núverandi kerfi er í grundvallaratriðum óstöðugt.




Til þess að forða kerfinu frá hruni hefur ríkið tilhneigingu til að ábyrgjast innistæður almennings (með peningum skattgreiðenda), og bjarga bönkum þegar þeir fara í greiðsluþrot.

Þetta gerir bankana öruggari um að þeim verði bjargað, lendi þeir í vandræðum.

Þetta öryggisnet orsakar tilhneygingu hjá þeim til að taka meiri áhættu sem skattgreiðendur bera á endanum.

Í nýja kerfinu eru óbundin innlán og greiðslumiðlunarkerfi vernduð fyrir falli banka.



Peningar sem notaðir eru í daglegum viðskiptum eru varðveittir í Seðlabanka Íslands, svo það er ekki þörf á að bjarga bönkum til þess að halda greiðslumiðlunarkerfinu gangandi.

Það verður því engin þörf fyrir ábyrgðir líkt og af hálfu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda, með tilheyrandi kostnaði og aukinni áhættuhegðun banka.

Það er til betri grunnur undir hagkerfið. **BETRA** peningakerfi berst fyrir Peningaútgáfu sem vinnur með samfélaginu.

Kynntu þér málið og taktu þátt á www.betrapeningakerfi.is



BETRA Peningakerfi

Lægri skuldir, aukinn stöðugleiki